

á bókstafnum. Musteris guðþjónustan varð langtum margbrotnari en hún hafði verið fyrir herleiðinguna. Þjóðin var upp frá því söfnuður en ekki ríki. Nú fyrst urðu samkunduhúsin til, sem í fyrstu voru skólar en ekki kyrkjur. Þau voru víðsvegar um landið og áhrifin, sem frá þeim komu voru oft í frjálslyndisáttina, því rétttrúnaðarins, sem ríkti í Jerúsalem gætti ekki mjög mikið út um landið, þar sem minna var aðhaldið. Hugmyndir um annað líf og ílt vald, djöful komu smám saman iun í trúna með persneskum áhrifum; og umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum fór að gera vart við sig.

framl.

ÞRUMUVEÐUR

EFTIR PETER ROSEGGER

(*niðurlag frá síðasta blaði*)

“Vegna þess að stundum áður þegar ég var úti með öðrum piltum komum við þar. Gregelmaier hefir verið í kunningsskap við hana, einsog gengur. Við höfum stundum staðið í kríngum húsið til að sjá hvort hann kæmi ekki út. Eg held mér hafi komið það til hugar þegar ég gekk framhá um nóttina.”

“Ekkert annað? En það sakleysi! Það er of hrífandi! Þú ætlaðir bara að gera bilt við við gluggann, bara það?— Hans! Eg særi þig nú við drengskap þinn, þú talar svo mikið um drengskap! Eg spyr þig hvort þetta sé satt!— Líttu á mig!”

Hann horfði beint framan í hana, samt deplaði hann augunum, einsog honum væri of bjart í augum. Svo horfði hann í kringum sig einsog hann væri að leita að hjálp, steinþegjandi.

“Nú jæja! Gefðu drengskaparorðið!” Hún stóð hreyfingarlaus einsog líkneski fyrir framan hann. Hann ýtti sér til veggjar, byrgði andlitið með hendinni, og—grét.

Hún gekk aftur fram og aftur um gólfíð, Svipuna hafði hún lagt frá sér fyrir löngu. Hún opnaði gluggan til að reka